

93. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar, haldinn á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, fimmudaginn 12. september 2013 kl. 18.00.

Mættir :

Björgvin Sigurjónsson, Egill Ólafsson, Magnús Ólafs Hansson og Heiðrún Eva Konráðsdóttir forstöðumaður MEÓ. Einnig sat fundinn Indriði Indriðason sveitarstjóri á Tálknafirði.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

Dagskrá

- 1. Safna/- Söfnunar/- og Sýningarstefna og Stofnskrá**
- 2. Fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2014**
- 3. Önnur mál**

Magnús Ólafs Hansson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Hér var gengið til dagskrá.

1. Forstöðumaður MEÓ lagði fram endurskoðaða Safna/- Söfnunar/- og Sýningarstefnu ásamt nýrri Stofnskrá fyrir stjórnarmenn.


Forstöðumaður hafði áður sent ofanritað til stjórnarmanna MEÓ og Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps 22. júlí sl. til yfirlestrar og skoðunar og til að gera athugasemdir við ef einhverjar væru.

Framlögð endurskoðuð gögn samþykkir stjórn MEÓ með undirskrift sinni.

2. Forstöðumaður lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Forstöðumaður leggur til að leitað verði til ríkisvaldsins vegna styrks eða að koma safninu á föst fjárlög til lengri tíma. Tálknafjarðarhreppur lagði fram bókaða reikninga fyrir safnið það sem af er árinu. Stjórnin samþykkir framlagða áætlun og vísar henni til Samráðsnefndar sveitarfélagana Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

3. Önnur mál.

- a. Þar sem þessi fundur er væntanlega síðasti fundur stjórnar Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóri í þeiri mynd sem þeir hafa verið frá stofnun safnsins, þakkar stjórnin forstöðumanni þess, Heiðrúnu Evu Konráðsdóttur, ánægjulegt samstarf og óskar henni velfarnaðar í krefjandi störfum við



safnið. Einnig þakkar stjórnin Samráðsnefnd sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálnafjarðarhrepps það traust sem nefndinni var sýnt með kosningu í hana og einnig fyrir samstarfið.

- b. Forstöðumaður færði stjórnarmönnum þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf frá þeim tíma sem hún tók til starfa við safnið.

Frá því þessi stjórn tók við 9. september 2010 hefur hún haldið 17 fundi, sem skiptast þannig.

Árið 2010 voru haldnir 4 fundir

Árið 2011 voru haldnir 5 fundir

Árið 2012 voru haldnir 4 fundir

Árið 2013 voru haldnir 4 fundir

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.40

Hagnus Ólap Þámar
Björk Guðmundsson
Heidrun Eva Konradsdóttir
Egill Ólafsson